

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 20. nóv. f. á., hafð þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp nokkurt um friðun á laxi, er borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, og samþykkt af síðasta alþingi, og átti frumvarp þetta að koma í staðinn fyrir hin núgildandi lög um sama efni frá 19. febr. 1886; tilbreytingin er einkum fólgin í því, að með frumvarpi þessu er með ýmsu móti enn frekar takmörkuð notkun á veiðirjetti þeirra, er laxveiði eiga. Þjer hafð út af þessu minnst á það, að síðan alþingi fékk hlutdeild í löggjafarvaldinu hefur það aptur og aptur tekið lögin um friðun laxa til meðferðar, og eru að eins tvö regluleg þing á öllu þessu tímabili liðin svo, að þingið hafi ekki haft í smíðum frumvarp um þetta efni, og tvö frumvörp, er þingið hefur samþykkt, hið fyrra 1875 og hið síðara 1885, hafa óðlast allrahesta staðfestingu; hafð þjer með tilliti til þessa látið í ljósi, að það, hve skoðanir þingins virðast hafa verið á reiki og hikandi í máli þessu, sje að yðar álití einkum því að kenna, hve erfitt sje að setja reglur út í hörgul um friðun á laxi, er átt geti við um allar laxár hjer á landi án tillits til stærðar þeirra og vatnsmegns, straummagns, fiskisældar o. s. frv., og sem falli í geð bæði þeim veiðieigendum, er fram við ármynni búa, og hinum, er lönd eiga að ánni ofar. Að því er snertir einstök atriði í lagafrumvarpinu hafð þjer talið varhugaverð ákvæðin um, að banna þvergirðingu í á, þar sem einn maður á alla veiði, og hina nýju reglu í 4. grein um selaskot o. s. frv., og hafð þjer sent hingað 2 erindi, er til yðar hefur verið beint frá ýmsum mönnum, er hlut eiga að æðarvarpi eða friðuðum selalögnum, þar sem þeir fara fram á, að lagafrumvarpinu verði neitað um staðfestingu, af því að takmörkun sú á friðun hinna tveggja atvinnugreina, er nú voru nefndar, sem frumvarpið fer fram á, muni algjörlega eyðileggja atvinnugreinir þessar fyrir þeim. Þjer aðhyllist bænarskrár þessar, og leiðið athygli að þeirri ósamkvæmni í löggjöfinni, er af því mundi leiða, ef leyft væri að skjóta á seli allt árið, nema mánuðinamaí og juní, í nánd við æðarvarp og selalagnir, er liggja við árminni, er lax gengur í, þar sem hið sama er bannað á öllum tíma ársi nánd við önnur æðarvörp og selalagnir; takið þjer fram, að það verði að teljast almennt viðurkennt og víst, að slík reglamundi baka eigendum æðarvarpa og selalagna, er við laxár liggja, mikið tjón á eign og atvinnu, og að þeir að yðar ætlun ættu heimting á skaðabótum samkvæmt 50. gr. stjórnarskrárinnar fyrir slíkan skaða. Þar sem þjer þannig yfir höfuð álití, að frumvarpið hafi inni að halda ýmsar óeðlilegar og ónaudsynlegar takmarkanir á eignarrjetti og atvinnufrelsi, hafð þjer ráðið frá því, að leitað sé konungsstaðfestingar á frumvarpinu.

Jafnvel þótt ráðgjafinn fyrir Ísland verði að telja það vafasamt, að það geti komið í nokkurn bága við 50. grein stjórnarskrárinnar, þótt sumpart sjeu úr lögum numin þau friðunarákvæði, er gefin hafa verið til verndunar æðarvarpi og öðrum atvinnugreinum, án þess skaðabætur komi fyrir, þá verður þó að leggja mikla áherzlu á tillit það, er löggjafarvaldið verður að taka til slíkra rjettinda, er styðjast við gildandi lög, og með því að jeg að öðru leyti í öllu verulegu verð að fallast á aðfinningar yðar við frumvarpið og nú sem fyrr

79 verð að vera þeirrar skoðunar, að það sé gagnsætt grundvallarreglum íslenzkra laga, er frá fornu fari hefur verið haldið í hefð og gildi, að banna þvergirðing í á, þar sem einn maður á alla veiði, (sjá ráðgjafabr. 31. marz 1882) eins og jeg loks einnig hlýt að telja mjög óheppilegt, að gjöra tíðar lagabreytingar um þetta efni með mjög stuttu millibili, þá hef jeg í allraþegnsamlegustum tillögum mínum um málið farið því fram, að synjað verði um allrahæsta staðfesting á lagafrumvarpi þessu, og hefur hans hátign konunginum hinn 27. f. m. allra mildilegast þóknast, að fallast á þá tillögu.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

80 **Konunglegt leyfisbrjef að *mandatum* til ættleiðingar.** — Með brjefi þessu er
10. maí. ekkjufrú Magdalenu Margrjeti Helgesen leyft að ættleiða skúlkuna Margrjeti Jóhönnu Andreu, dóttur verzlunarmanns Hafliða Guðmundssonar í Reykjavík og konu hans Jóhönnu Soffiu Fridrikku Lúdvíksdóttur, fædda 19. sept. 1878, þannig að nefnd stúlka skuli álitast sem ættleiðanda eigið barn, þó með tilteknum erfðarjetti, og bera ættarnafnið Helgesen.

(Útgefið af landshöfðingjanum 10. maí).

81 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að bann gegn innflutning**
30. maí. **á skepnum frá Íslandi til Bretlands sje úr gildi fellt.** — Í sambandi við brjef hjedan, dags. 20 f. m. skal ekki látið hjá liða þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að samkvæmt tilkynning frá utanríkisráðaneytinu hefur hin brezka stjórn (Board of Agriculture) samkvæmt því er henni hefur verið fyrir sjónir sett af hinni dönsku stjórn, útgefið nýja auglýsingu, dags. 6. maí þ. á., þar sem Ísland er lýst »a free country« frá 10. þ. m. að því er snertir innflutning á lifandi skepnum, og stendur Ísland þannig eins að vígi eins og áður en innflutningsbannið frá 22. marz þ. á. var útgefið. Þó áskilur hin brezka stjórn sjer, að taka spurninguna um innflutning fjár frá Íslandi til nýrrar yfirvegunar, ef lögunum frá 17. marz 1882, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje til Íslands, verður breytt, eða þau úr gildi numin.

82
14. júní.

Auglýsing um póstmál.

Það auglýsist hjer með almenningi, að aukapóstferð sú milli *Fossvalla* og *Hákonarstaða* í Norður-Múlasýslu, er um ræðir í auglýsing minni, dags. 20. febr. þ. á., C. nr. 20. (Stjt. B, bls. 34) fellur burt, en í stað hennar kemur aukapóstferð milli *Skjöldólfsstaða* og *Eiríksstaða* í sömu sýslu, og verður þar stofn-